



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

30. desember 2022

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Fyrsti ársfjórðungur 2023

- Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir **30-50 ma.kr.** að söluvirði<sup>1</sup>.
- Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2026 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

### Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2023 var tilkynnt að ríkisbréfaútgáfa myndi áfram verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en einnig kæmi til greina að hagnýta erlendar innstæður á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands. Jafnframt væri til skoðunar að gefa út græn skuldabréf undir sjálfbærum fjármögnunarramma ríkissjóðs.

### Fyrirhugað útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **30-50 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan flokk með gjalddaga 2026. Lánaskilmálar flokksins verða tilkynntir síðar.

### Skiptiútboð – uppkaup

Framhald verður á skiptiútboðum á RIKB 23 0515 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Þá má reikna með beinum kaupum á flokknum á eftirmarkaði. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

---

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### **Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla**

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.